

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Pingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 01. júní 2015
UST201505-046/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi á svæði Stórarjódurs og Hróarsstaðaness í Vaglaskógi, Pingeyjarsveit.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Pingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi á svæði Stórarjódurs og Hróarsstaðaness ásamt svæði umhverfis verslun í Vaglaskógi.

Markmið

Skógrækt ríkisins er að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir Stórarjódur og Hróarsstaðanes ásamt svæði umhverfis verslun í Vaglaskógi. Fram kemur í greinargerð að deiliskipulagið felur m.a. í sér að skilgreina fyrirkomulag tjaldsvæða, snyrtinga, göngustíga, áningarstaða, leiksvæða og bílastæða á svæðunum ásamt því að staðsetja áningarbyggingu og mögulega þjónustubyggingu á svæðinu.


Skipulagssvæðið


Ofangreint skipulagssvæði er tvískipt, annars vegar Stórarjódur og Hróarsstaðanes alls um 9 ha svæði, og svæði umhverfis verslun alls um 2,3 ha svæði.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun tekur undir að nauðsynlegt er að tryggja að verndargildi upprunalegs birkiskógar og svæðisins rýrni ekki. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að halda upprunalegum birkiskógi sem mest ósnortnum, og einnig er mikilvægt að við uppbyggingu sé forðast röskun hans eins og kostur er. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur